



179. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 29. október kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 22.10.2015
2. Stígamót – fjárbeiðni
3. Lánaheimild

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 22.10.2015

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 22. október s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í tveimur liðum.

1. liður fundargerðar; Svartárvirkjun í Bárðardal, aðal- og deiliskipulag.
Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um að gerð verði krafa um vöktun óháðs eftirlitsaðila á rennsli árinna með tilliti til fiskigengdar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa samhlíða tillögu að deiliskipulagi og tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, að lokinni athugun Skipulagsstofnunar, eins og 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um.

2. liður fundargerðar; Vaglaskógur, deiliskipulag.
Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Stórarjóður og Hróarsstaðanes ásamt svæði umhverfis verslun í Vaglaskógi eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um þegar orðið hefur verið við athugasemdum nefndarinnar.

Ragnar vék af fundi við afgreiðslu 1. liðar fundargerðar vegna vanhæfis.

2. Stígamót – fjárbeiðni

Fyrir fundinum liggur fjárbeiðni frá Guðrúnu Jónsdóttur, talskonu Stígamóta, dags. 7. október s.l. Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórna landsins til þess að óska eftir samstarfi um reksturinn.

Erindinu hafnað þar sem Þingeyjarsveit hefur þegar samþykkt styrk til Aflsins á Akureyri, samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldis.

3. Lánaheimild

Yfirdráttarlán hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga tekið til afgreiðslu.

Sveitarstjórn samþykkir hér með að taka yfirdráttarlán hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga allt að 50.000.000 kr. í samræmi við þá skilmála sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar yfirdráttarláninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er yfirdráttarlánið tekið til að sveiflujafna útgreiðslur sveitarfélagsins. Jafnframt er sveitarstjóra, Dagbjörtu Jónsdóttur k.t. 250168-5359, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Þingeyjarsveitar að undirrita yfirdráttarlánasamninginn við Sparisjód Suður-Þingeyinga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántöku þessari.

Til kynningar:

- a) Fundargerð stjórnar DA frá 16.10.2015
- b) Fundargerð stjórnar Leigufélags Hvamms frá 16.10.2015
- c) Fundargerð 176. fundar HNE
- d) Aðalfundur Eypings 2015 – ályktanir
- e) Samþykkt Menningaráðs Eypings – fagráðs menningar
- f) Fundargerð svæðisráðs norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs frá 27.04.2015 og 25.10.2015

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Árni Pétur Hilmarsson

Heiða Guðmundsdóttir

Ragnar Bjarnason

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson